

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Suðureyrar 1983-2003.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 22. desember 1995, staðfest breytingar á aðalskipulagi Suðureyrar 1983-2003 frá 10. september 1984 með síðari breytingum.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Túngata er tengd meðfram tjörn.
- Túngata og Sætún eru tengdar saman við leikskóla.
- Norðurendi Sætúns er tengdur þjóðvegi.
- Smábátahöfn er stækkuð.
- Iðnaðarsvæði við höfnina er stækkað.
- Rómarstígur verður ekki gerður að götu.
- Skólagata verður til frambúðar.
- Dvalarheimilislóð við Sætún verður opið svæði.
- Íbúðarhúsalóðir við Eyrargötu verða iðnaðarlóðir.
- Garðastígur verður til frambúðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Suðureyrarhrepps. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 22. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

22. desember 1995

Nr. 692

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Flúða, Hrunamannahreppi 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 22. desember 1995, staðfest breytingar á aðalskipulagi Flúða 1992-2012 frá 25. apríl 1994.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir nýjum vegi, Bræðratunguvegi, frá Hrunamannavegi sunnan við flugvöllinn og til vesturs. Afmörkun þjónustusvæðis sunnan flugvallar og iðnaðarsvæðis vestan flugvallar breytist lítilega af þessum sökum.
- Gert er ráð fyrir sumarbústaðasvæði í landi Borgaráss og Efra-Sels.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Hrunamannahrepps. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 22. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.